

## Námsáætlun – Haust 2016

Námsgrein: Íslenska og samfélagsfræði (sambætting)

(Tekið mið af og unnið samkv. 3. þrepi læsisstefnu leik- og grunnskóla Eyjafjarðar)

Kennari: Anna Sigríður Halldórsdóttir og Heimir Freysson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
	<i>Samræða, tjáning og hlustun:</i>	<i>Samræða, tjáning og hlustun:</i>	<i>Samræða, tjáning og hlustun:</i>	<i>Samræða, tjáning og hlustun:</i>
Ágúst-júní	<b>Framsögn, tjáning og endursögn</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáir sig skýrt og áheyrilega með áherslum í og frammi fyrir hópi.</li> <li>• Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar.</li> <li>• Segir frá eftirminnilegum atburði.</li> <li>• Endursegir efni eftir hlustun, áhorf, lestur.</li> </ul>	<b>Námsbækur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bókmenntatextar og ljóð.</li> <li>• Segir frá eigin upplifun.</li> <li>• Les eigin frásögn, upphátt og fyrir aðra.</li> <li>• Hugleikur, verkefni.</li> <li>• Jákvæður agi.</li> </ul>	<b>Framsögn, tjáning og endursögn</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhersla lögð á raddbeitingu, framburð og raddstyrk í mismunandi aðstæðum.</li> <li>• Tækifæri fyrir nemendur til að tjá sig og segja frá.</li> <li>• Ræða við nemendur um viðeigandi tjáningarform.</li> </ul>	<b>Námsmat</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>
Ágúst-júní	<b>Samræður, samskipti og hlustun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Á góð samskipti, hlustar og ígrundar.</li> <li>• Sýnir kurteisi og hlustar eftir upplýsingum úr samræðum.</li> <li>• Tekur þátt í samræðum.</li> <li>• Rökstyður mál sitt, spyr spurninga og segir frá hugsunum, skoðunum og þekkingu.</li> <li>• Áttar sig á að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn viðfangsefna.</li> </ul>	<b>Námsbækur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefni í byrjendalæsi.</li> <li>• Verkefni í Hugleik, samræða/rökræða.</li> <li>• Verkefni Jákvæðs aga.</li> <li>• Verkefni í samfélagsfræði s.s. Komdu og skoðaðu, Æsa og Gauti o.fl.</li> </ul>	<b>Samræður, samskipti og hlustun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur fá tækifæri til samræðna og taka virkan þátt.</li> <li>• Vera fyrirmynd í samræðum; bregðast við spurningum, hlusta, tjá eigin hugmyndir og spyrja krefjandi spurninga.</li> <li>• Búa til, ræða og æfa samskipta- og</li> </ul>	<b>Námsmat</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekur tillit til og skilur að fólk hefur mismunandi skoðanir.</li> <li>• Getur tekið þátt í samræðum samkvæmt samræðureglum.</li> <li>• Getur fylgst með og hlustað á efni á fjölbreyttu formi, s.s. upplestur, ljóð, söngva og leikið efni.</li> </ul>		<p>samræðureglur með nemendum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefa nemendum dæmi um hvernig þeir geta tekið þátt í samræðum, s.s. að hlusta, spyrja spurninga, rökstyðja og gefa réttar upplýsingar.</li> <li>• Skapa tækifæri til að velta fyrir sér og ræða efni á fjölbreyttu formi.</li> </ul>	
Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
	<b>Lestur og lesskilningur:</b>	<b>Lestur og lesskilningur:</b>	<b>Lestur og lesskilningur:</b>	<b>Lestur og lesskilningur:</b>
Ágúst-júní	<p><b>Lesfimi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir heiti og hljóð allra bókstafanna.</li> <li>• Les óþekkt orð með því að nota ákveðnar aðferðir, s.s. umskrá með hljóðaaðferð eða taka orð í sundur.</li> <li>• Sýnir aukna færni í umskráningu og getur lesið nokkuð lipurt einfalda texta.</li> <li>• Þekkir algengar orðmyndir sjónrænt.</li> </ul>	<p><b>Námsbækur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestarbækur við hæfi hvers og eins. Lesrún og Ritrún.</li> <li>• Bækur af bókasafni og bækur í samfélagsfræði s.s. Komdu og skoðaðu og Æsa og Gauti.</li> </ul>	<p><b>Lesfimi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi með orðalistum, spilum, leikjum og orðaráyni.</li> <li>• Kenna um tengsl stafs og hljóðs.</li> <li>• Efla hljóðkerfisvitund, stafabekkingu og orðaforða eins og: <ul style="list-style-type: none"> <li>- kljúfa orð niður í hljóð,</li> <li>- að tengja stafi og hljóð,</li> <li>- átta sig á samsettum orðum og orðhlutum.</li> </ul> </li> <li>• Sýna hvernig algeng greinarmerki eru notuð, s.s. punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki.</li> </ul>	<p><b>Námsmat</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarpróf þar sem lestur og lestrarlag er kannað.</li> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>

<p>Ágúst-júní</p>	<p><b>Lesskilningur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Les og sýnir skilning á meginatriðum í texta.</li> <li>• Tengir saman og dregur ályktanir út frá atburðum í texta.</li> <li>• Lýsir persónum og hlutverkum þeirra.</li> <li>• Lýsir og færir rök fyrir skoðunum á texta, t.d. mér líkaði ekki... vegna þess að...</li> <li>• Þekkir einkenni og tilgang ólíkra textategunda, s.s. sögu, auglýsingar, fræðitexta, leiðbeininga.</li> <li>• Byggir lesskilning m.a. á þekkingu á algengum orðmyndum, hugtökum og uppbyggingu texta.</li> </ul>	<p><b>Námsbækur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarbækur við hæfi hvers og eins. Lesrún og Ritrún.</li> <li>• Bækur af bókasafni og bækur í samfélagsfræði s.s. Komdu og skoðaðu og Æsa og Gauti.</li> </ul>	<p><b>Skilningur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kenna að rýna í upplýsingar til skilnings s.s. atburðaröð.</li> <li>• Skapa nemendum tækifæri til að segja frá skoðunum sínum og tilfinningum gagnvart textanum, s.s. varðandi persónur, atburði, umhverfi og boðskap.</li> <li>• Ígrunda texta, hugsa upphátt.</li> </ul>	<p><b>Námsmat</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningspróf.</li> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> </ul>
<p>Ágúst-júní</p>	<p><b>Notkun texta/aðferðir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Finnur og velur texta við hæfi og áhuga.</li> <li>• Nýtir nokkrar lesskilningsaðferðir, s.s. spyr spurninga, aðlagar leshraða og spáir fyrir um framvindu.</li> <li>• Getur nýtt sér efni á rafrænu formi.</li> <li>• Les sér til ánægju.</li> </ul>	<p><b>Námsbækur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarbækur við hæfi hvers og eins. Lesrún og Ritrún.</li> <li>• Bækur af bókasafni og bækur í samfélagsfræði s.s. Komdu og skoðaðu og Æsa og Gauti.</li> <li>• Verkefni í byrjendalæsi.</li> <li>• Hugleikur, samræða/rökræða.</li> <li>• Rafrænt efni.</li> </ul>	<p><b>Notkun texta/aðferðir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesa og endurlesa fjölbreyttan texta og skapa nemendum sama tækifæri.</li> <li>• Ræða ákvarðanir höfunda við gerð textans, s.s. útlit persóna.</li> <li>• Ræða hvernig persónur eru kynntar s.s. „risinn er vondur“ - hvernig vitum við það?</li> <li>• Sýna og vinna með ólíkar textategundir s.s. tilgang, uppbyggingu og skipulag.</li> <li>• Greina orð og tengsl orða, rýna í texta og nýta þekkingu á skipulagi og orðaforða til skilnings.</li> </ul>	<p><b>Námsmat</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningspróf.</li> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>

			<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýna og vinna með lesskilningsaðferðir, s.s. forspá, hugtakakort, samanburðarkort, spurningavef og að spyrja spurninga.</li> <li>• Halda áfram að kenna nemendum að finna, meta og velja texta, s.s. með því að nota bókasöfn og kenna aðferðir við að leita á netinu.</li> <li>• Vera sterk fyrirmynd varðandi lestrarhegðun og áhuga á bókum og öðru lesefni.</li> </ul>	
<b>Tímabil</b>	<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Efnispættir</b>	<b>Kennsluhættir/leiðir</b>	<b>Námsmat</b>
	<b>Ritun og miðlun:</b>	<b>Ritun og miðlun:</b>	<b>Ritun og miðlun:</b>	<b>Ritun og miðlun:</b>
Ágúst-júní	<b>Skrift og réttitun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifar alla stafi læsilega.</li> <li>• Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu og sjónrænum orðaforða.</li> <li>• Nýtir sér einfaldar stafsetningarreglur, s.s. reglur um stóran og lítinn staf.</li> <li>• Byrjar að nota greinarmerki í ritun sinni, s.s. punkt í lok málgreina.</li> <li>• Nýtir sér einfalda ritvinnslu í tölvu.</li> </ul>	<b>Námsbækur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrift 1-9 frá Námsgagnastofnun</li> <li>• Sögubók</li> <li>• Ýmislegt byrjendalæstingt</li> <li>• Ritunnarráttar</li> </ul>	<b>Skrift og réttitun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efla hljóðgreiningu og sjónrænt minni s.s. algeng orð.</li> <li>• Skoða texta og ræða um notkun greinarmerkja.</li> <li>• Leiðbeina um skrift og gefa tækifæri til þjálfunar.</li> <li>• Leiðbeina um notkun ritvinnsluforrita, s.s. innslátt, vistun, leturstærð og gerð.</li> </ul>	<b>Námsmat</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda.</li> <li>• Skilningur kannaður á einföldum málfræðihugtökum.</li> <li>• Könnun í réttitun.</li> <li>• Skriftarkönnun.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>
Ágúst-júní	<b>Textagerð</b>	<b>Námsbækur</b>	<b>Textagerð</b>	<b>Námsmat</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stöðupróf.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifar stutta einfalda texta og nýtir gjarnan myndir sem stuðning við ritunina.</li> <li>• Útskýrir frásögn af fólki og hugmyndum þeim tengdum í eigin ritun.</li> <li>• Skrifar texta fyrir aðra þar sem markmið skrifanna eru greinileg.</li> <li>• Semur sögu með skýrum söguþræði.</li> <li>• Nýtir sér markvisst í eigin ritun orð úr ýmsum áttum, s.s. úr námsefni, bókmenntum, ýmsum miðlum og talmáli.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarbækur við hæfi hvers og eins</li> <li>• Bókasafnsbækur og bækur í samfélagsfræði s.s. Komdu og skoðaðu, Æsa og Gauti.</li> <li>• Sögubók.</li> <li>• Verkefni úr byrjendalæsi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tækifæri til að skrifa fjölbreyttan texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekna lesendur.</li> <li>• Nemendur fá ríkuleg tækifæri til að kynnast nýjum orðum og nýta þau.</li> <li>• Hvetja til ritunar í máli og myndum frá eigin brjósti.</li> <li>• Vekja athygli á hvernig setja má upplýsingar fram um fólk á fjölbreyttan hátt í texta.</li> <li>• Sýna hvernig hægt er að skipuleggja og raða upplýsingum við textagerð.</li> <li>• Kenna nemendum um ólíkar textategundir, s.s. frásagnir, ljóð og upplýsingatexta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>
Ágúst-júní	<p><b>Aðferðir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ræðir við aðra eða notar teikningar til að undirbúa og skipuleggja ritun sína.</li> <li>• Finnur upplýsingar á mismunandi miðlum sjálfur eða með aðstoð og nýtir/túlkar í eigin texta.</li> <li>• Byrjar að endurlesa og lagfæra eigin texta, s.s. skipta út og bæta inn eftir þörfum.</li> <li>• Nýtir tölvuforrit/smáforrit með fjölbreyttum hætti til að tjá upplifun sína og hugmyndir.</li> <li>• Getur lesið eigin texta fyrir áheyrendur.</li> </ul>	<p><b>Námsbækur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarbækur við hæfi hvers og eins. Lesrún og Ritrún.</li> <li>• Bókasafnsbækur og bækur í samfélagsfræði s.s. Komdu og skoðaðu og Æsa og Gauti.</li> <li>• Sögubók.</li> <li>• Verkefni úr byrjendalæsi.</li> <li>• Hugleikur, samræða</li> <li>• Tölvuver, ritvinnsla, myndvinnsla</li> </ul>	<p><b>Aðferðir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Æfa einfaldar leiðir við að undirbúa og skipuleggja ritun, s.s. ræða saman og teikna.</li> <li>• Sýna einfaldar leiðir til að fara yfir og gera texta betri, s.s. bæta við orðum eða greinarmerkjum.</li> <li>• Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má ritun fram miðað við efni og lesendur.</li> </ul>	<p><b>Námsmat</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stöðupróf.</li> <li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li> <li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li> </ul>

			<ul style="list-style-type: none"><li>• Sýna hvernig má finna, skrá og raða upplýsingum úr texta, s.s. nota kort og gröf eða raða í stafrófsröð.</li><li>• Veita nemendum tækifæri til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun.</li><li>• Ræða við nemendur um ritun þeirra og gefa leiðsegjandi endurgjöf.</li></ul>	
--	--	--	--	--

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Anna Sigríður Halldórsdóttir & Heimir Freysson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
ágúst - desember	<p>Nemendur eiga að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 1000</li> <li>• geta skipt þriggja stafa tölu upp eftir sætum í hundruð, tugi og einingar</li> <li>• geta skilið einföld almenn brot sem hluta af heild þar sem gengið er út frá dæmum úr daglegu lífi</li> <li>• Geta talið afturábak og áfram með því að „hoppa“ á hverri tölu, annarri hverri osfrv.</li> <li>• geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum á mismunandi vegu</li> <li>• kunna margföldunartöfluna og geta notað hana í einföldum margföldunar og deilingar-dæmum</li> <li>• skilja jöfnumerkið sem tákn fyrir að tvær stæður séu jafn stórar</li> <li>• Geta skilið einföld almenn brot sem hluta af heild.</li> <li>• geta lýst og haldið áfram, með talnarunur og talnamynstur</li> </ul>	Tölur og algebra	Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna s.s. þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, sýnikennslu og fl. Mikið verður lagt upp úr hlutbundinni vinnu.	Fylgst með stöðu nemenda reglulega yfir veturinn bæði munnlega, skriflega og verklega.

ágúst - desember	<p>Nemendur eiga að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta flokkað algengustu tví – og þrívíð form með hliðsjón af rúmfræðilegum eiginleikum eða einkennum þeirra</li> <li>• þekkja rétt horn, hvöss horn og gleið horn</li> <li>• þekkja og geta notað speglun og samhverfu</li> <li>• geta borið kennsl á, búið til, lýst og haldið áfram með einföld rúmfræðimynstur</li> <li>• Geta lýst staðsetningu punkts í rúðuneti með tilvísun í staðsetningu annars punkts.</li> </ul>	Rúmfræði		
ágúst - desember	<p>Nemendur eiga að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta áætlað, mælt og borið saman lengdir, þyngd, flatarmál og rúmmál</li> <li>• kunna á klukku og geta skráð tímasetningar</li> <li>• kunna að reikna út tímann á milli einfaldra tímasetninga</li> <li>• þekkja og geta notað íslenskar myntir og seðla upp í 1000 kr.</li> </ul>	Mælingar		
ágúst - desember	<p>Nemendur eiga að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta safnað saman og flokkað einföld gögn í viðeigandi flokka</li> <li>• geta sett upplýsingar fram í töflu og lesið úr töflum og einföldum súluritum</li> </ul>	Tölfræði og líkindi		



Námsgrein: Enska

Kennari: Anna Sigríður Halldórsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
	Samræður, samskipti og hlustun	Námsbækur	Framsögn,tjáning og endursögn	Námsmat
Ágúst-júní	<ul style="list-style-type: none"><li>• Læra ensku stafaheitin (stafrófið).</li><li>• Tileinka sér grunnorðaforða í ensku s.s. yfir sjálfan sig, og sitt nánasta umhverfi, áhugamál, tilfinningar, fatnað, heimili, húsmuni, mat o.fl. í daglegu lífi.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Right on; geisladiskur og vinnubók.</li><li>• Ljósrituð vinnuhefti og verkefnablöð.</li><li>• Action Songs (geisladiskur).</li><li>• Námsfni af netinu s.s. Steve and Maggie (English for Children) o.fl.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla lögð á að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig og vinna einföld verkefni.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Símat þar sem fylgst er með framförum og vinnusemi nemenda.</li><li>• Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir.</li></ul>

Námsgrein: Myndmennt 3. bekkur  
Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skólaárið 2016-2017	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinnur eftir fyrirmælum um verkefnavinnuna</li> <li>- Skilar tilteknum verkefnum</li> <li>- Fer eftir fyrirmælum um umgengni og frágang</li> <li>- Vinnur á skapandi hátt eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar</li> </ul>	Hugmyndavinna og úrvinnsla eigin hugmynda Læsi, túlkun og tjáning Ímyndunaraflið – fantasía  Samhæfing hugar og handa  Grenndarfræði – litir og form	Einstaklingsmiðun sem m.a. felst í að nemendur vinna á sínum hraða og skila verkefnum þegar þeim er lokið, ekki endilega allir á sama tíma Kynning Verklegar æfingar	Frammistöðumat Símat; byggt á hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla – s.s. hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Auk þess er tekið tillit til virkni og vinnubragða, umgengi um efni og áhöld og frágangi eftir kennslustundir Vinnuferli er metið til jafns á við fullunnið verk.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tjáir eigin hugsanir og skoðanir og setji þær fram á viðeigandi hátt hverju sinni</li> <li>- Byggir eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun</li> <li>- Vinnur með mynddæmi úr íslenskri og erlendri listasögu</li> <li>- Þekkir og gerir grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýsir þeim og greinir á einfaldan hátt yrkisefnið og lýsir þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins</li> </ul>	Sköpun og tjáning  Listasagan – stefnur og listamenn Hugmyndavinna og útfærsla hugmynda  Tækniþjálfun – málun  Árstíðabundin viðfangsefni	Innlögn og kynning á viðfangsefni Verklegar æfingar Tilraunir – lausnaleit  Einstaklingsleiðsögn  Verklegar æfingar  Tilraunir – lausnaleit Einstaklingsleiðsögn Umræður	Símat; Með áherslu á virkni, vinnubrögð, hugmyndavinnu og úrvinnslu hugmynda Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögði, Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda Vinnuferli frá hugmynd til afurðar metið til jafns á við fullunnið verk

	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Greinir að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka</li> <li>- Skapar myndverk í mismunandi tilgangi með margvíslegum aðferðum</li> </ul>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda</li> <li>- Nýti sér í eigin sköpun einfalda myndbyggingu bæði hvað varðar form og liti</li> <li>- Hagnýti í einföldum verkefnum þá leikni sem hann hefur þegar öðlast</li> <li>- Þekki og vinni með hugtökin nálægð og fjarlægð í myndverki</li> </ul>	<p>Litafræði – andstæðir litir</p> <p>Myndbygging – form og litir</p> <p>Nálægð/fjarlægð</p> <p>Grunnformin – uppstilling</p> <p>Skörun – jákvætt og neikvætt rými</p> <p>Grenndarfræði – litir og form</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Innlögn</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat:</p> <p>Virkni og vinnubrögð</p> <p>Hugmyndavinna og úrlausn hugmynda</p> <p>Vinnuferli frá hugmynd til afurðar metið til jafns á við fullunnið verk</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Notar fjölbreyttar aðferðir í sinni myndgerð</li> <li>- Hagnýtir í einföldum verkefnum þá leikni sem hann hefur þegar öðlast</li> <li>- Fjallar á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín</li> <li>- Gerir grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans</li> </ul>	<p>Einföld hreyfimyndagerð</p> <p>Ljósmyndir - myndvinnsla</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir - lausnaleit</p>	<p>Símat:</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Frammistöðumat</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinnur út frá kveikju við eigin myndsköpun</li> <li>- Þjálfist í meðferð mismunandi efnis og áhalda til myndgerðar</li> <li>- Móti þrívíð verk og hanni útlit þess</li> <li>- Þjálfar hæfni í meðferð mismunandi efnis og áhalda til myndgerðar</li> <li>- Leggur mat á eigin verk</li> <li>- Fjallar um eigin verk og annarra</li> </ul>	<p>Að „sjá“ – yfirfærsla sjónrænnar upplifunar yfir á pappír</p> <p>Hugmyndavinna</p> <p>Mótun þrívíðra hluta</p> <p>Tækniþjálfun - þrykkaðferðir</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir - lausnaleit</p> <p>Umræður</p>	<p>Frammistöðumat</p> <p>Símat; frumkvæði og sjálfstæði</p> <p>Tæknifærni; efni og áhöld</p> <p>Frágangur á vinnusvæði</p> <p>Endanleg verk höfð til hliðsjónar við matið</p>

Námsgrein: Heimilisfræði fyrir 3-4 bekk

Kennari: Þóra Jóhannsdóttir

3x 2 tímar á viku í ca 6 vikur

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
1. Vika 3x2 kennslustundir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að nemendur kynnist og þjálfist í fjölbreyttum vinnuaðferðum</li><li>• Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti</li><li>• Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald</li><li>• Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir</li><li>• Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli og eldhúsáhöld</li></ul>	<p>Pastaréttir, brauðgerð, ávaxtaréttur</p> <p>Umræður yfir borðhaldi um heilbrigða lífshætti</p> <p>Farið yfir reglur um borðhald.</p> <p>Kjötbollur með meðlæti og sósu.</p> <p>Brauðbakstur</p> <p>Kornið og kornflokkurinn</p>	<p>Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.</p> <p>Nemendur fá ljósritaðar uppskriftir til að vinna eftir en í byrjun tímans fer ég vel yfir verkefnin, munnlega og oft með sýnikennslu. 2-3 nemendur vinna síðan saman að ákveðnu verkefni.</p>	<p>Símat sem byggir á vinnubrögðum/vikni, að taka tilsögn og tileinka sér, fara eftir fyrirmælum, umgengni, frágangi og samvinnu</p> <p>Sjálfsmat.</p> <p>Umsögn í lok annar. Vinnubók metin.</p>
2. Vika 3x2 kennslustundir	<p>○</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan</li><li>• Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif</li></ul>	<p>Bóklegur tími, unnið í vinnubók: Hollt og gott 3</p> <p>Fjölbreytt verkefni við hæfi nemenda til að æfa verkleg vinnubrögð.</p>	<p>Vinnubók: Hollt og gott 3</p> <p>Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, para, hópa og samvinna.</p> <p>Ljósritaðar uppskriftir til að vinna eftir.</p>	<p>Símat</p>

		Í hverjum verklegum tíma æfum við uppvas, frágang og þrif.		
3. Vika 3x2 kennslustundir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni</li> <li>• Geti tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald.</li> <li>• Æfum verkleg vinnubrögð: mælum, skerum, söxum, steikjum, sjóðum, bökum, þrifum og. fl.</li> </ul>	Vinnubók verkefni um flokkun og endurvinnslu Tengigrænmetisgarðinn okkar við sjálfbærni.  Fjölbreytt verkleg verkefni	Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum. Nemendur fá ljósritaðar uppskriftir til að vinna eftir en í byrjun tímans fer ég vel yfir verkefnin, munnlega og oft með sýnikennslu. 2-3 nemendur vinna síðan saman að ákveðnu verkefni.	Símat Sjálfsmat
4. Vika 3x2 kennslustundir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skilja og geta lesið einfaldar umbúðamerkingar</li> <li>• Að geta unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk.</li> </ul>	Vinnubók, skoðum mismunandi umbúðamerkingar. Verklegar æfingar.	Vinnubók Hollt og gott 3	Símat
5. Vika 3x2 kennslust	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sagt frá helstu slyshættum í heimahúsum og í eldhúsum.</li> <li>• Vinna eftir uppskrift og nota réttar mælieiningar og fara eftir fyrirmælum um hreinæti og frágang.</li> </ul>	Umræður yfir borðhaldi um slyshættur Notum fjölbreyttar baksturs og matreiðsluaðferðir til að efla mismunandi vinnubrögð.	Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.	Símat

		Vinum í vinnubók um mismunandi flokka örvera.		
6. Vika 3x2 kennslustundir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að geta unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum og gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi. Tekið gagnrýni og leiðsögn á jákvæðan hátt og gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk</li> <li>• Að efla verkleg vinnubrögð og færni.</li> <li>• Að tengja næringarfræði við matvælin sem unnið er með hverju sinni</li> </ul>	<p>Fjölbreytt verkefni við hæfi nemenda. 2-3 vinna saman að ákveðnu verkefni.</p> <p>Verklegar æfingar og frágangur</p> <p>Rætt um næringarefni í fæðunni sem unnið er með hverju sinni. Skoðum orkuefni og vítamín í vinnubókinni.</p>	<p>Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna, einstaklingsleiðsögn eftir þörfum.</p> <p>Vinum í Hollt og gott 3</p>	<p>Sjálfsmatsblað</p> <p>Símat Vinnubók metin Skriflegar umsagnir í lok annar.</p>

Námsgrein: Íþróttir 3.bekkur  
Kennari: Kári, Hrefna og Páll V.

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
22.ágúst- 18.desember	Fjölbreytt hreyfinám Efla fín- og grófhreyfingar Þjálfá samhæfingu handa og fóta Auka þrek Efla færni í samskiptum Læra umgengni í íþróttahúsi og búningsklefum.	Hlaupa- og hreyfileikir, boltaleikir, frjalsar íþróttir, fimleikar og badminton.	Leikur er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi	Stöðumat, greinandi mat og lokamat